


1.4 ENDURSKIN


MYND SKORIN Í ENDURSKINSVÍNYL OG PRESSUÐ Á FLÍK EÐA ANNAÐ EFNI SEM POLIR AÐ VERA STRAUJAÐ



HVAÐ ÞARF:

- + INKSCAPE-FORRIT
- + VÍNYLSKERA
- + ENDURSKINS-VÍNYL
- + PLOKKTÓL
- + HITAPRESSU
- + EFNI EÐA FLÍK


LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



MYND AF TEIKNINGUNNI Í INKSCAPE


TEIKNAÐU MYND

1. Taktu hvítt blað og þykkar svartan tússpenna.
2. Teiknaðu mynd á blaðið með skýrum dökkum línunum þannig að verkefnið gangi sem best.



MYND OPNUÐ Í TÖLVU

1. Taktu mynd af teikningunni eða skannaðu inn.
-Reyndu að hafa bakgrunn myndarinnar alveg hvítan.
2. Færðu myndina yfir í þína tölvu, góð leið er að senda sjálfum sér myndina í tölvupósti.
3. Stundum þarf að klippa bakgrunn frá með myndvinnsluforriti, einfalt er að nota forritið Photos.



AÐ KLIPPA BAKGRUNN FRÁ Í PHOTOS

Crop skipunina má finna í flestum myndvinnsluforritum t.d. Photos og Paint.

1. Byrjaðu á að láta myndina í Pictures möppuna í tölvunni.
2. Opnaðu Photos-forritið.
3. Veldu myndina.
4. Ýttu á Crop.
5. Veldu þann hluta af myndinni sem þú vilt hafa.
6. Ýttu á Save as copy.





MYND OPNUÐ Í INKSCAPE

1. Opnaðu Inkscape.
2. Veldu **File** og ýttu á Import.
3. Veldu myndina og ýttu á open.
4. Ýttu á OK í image import glugganum.

AÐ BREYTA MYND Í VECTOR



1. Veldu myndina.
2. Farðu í **Path** og ýttu á **Trace bitmap**.
3. Ýttu á **OK** og skoðaðu afritunina.
4. Breyttu stillingum ef afritun er óskýr.
5. Eyddu upprunalegu myndinni.
6. Til að passa hlutföll formsins er hægt að læsa þeim með því að ýta á lásinn í valstikunni.



UNNIÐ MEÐ AFRITUNINA


Hægt er að vinna myndir með nóðum sem birtast sem litlir kassar á brúnum myndarinnar.

1. Tvísmelltu á myndina þá birtast nóður.
2. Nóður sjást betur ef þysjað er að myndinni (Zoom in).
-Haltu niðri **Ctrl** og skrollaðu með músinni til að þysja.
3. Fjarlægðu skugga á myndinni.
-Dragðu músina yfir skuggann og eyddu völdum nóðum.
4. Veldu músina.



AÐ STILLA STÆRÐ MERKIS



1. Til að passa hlutföll formsins er hægt að læsa þeim með því að ýta á lásinn í valstikunni.
2. Minnkaðu eða stækkaðu myndina í rétta stærð.
-Veldu mm til að stilla stærð í millimetrum.



AÐ SPEGLA

Textílvínýl þarf alltaf að spegla svo hann pressist rétt á efnið.

1. Veldu myndina.
2. Ýttu á flip selected objects horizontally.







AÐ GERA SKURÐLÍNU

Skurðarlínur eiga alltaf að vera RAUÐAR og 0.020 mm.


1. Veldu myndina.
2. Farðu í **Object** og veldu Fill and Stroke.
3. Taktu Fill af með því að smella á Fill og ýta á **x**.
4. Farðu í Stroke paint og veldu Flat color og stilltu rauðan í fullt (255).
5. Farðu í Stroke style og stilltu á 0.020 mm.

Myndin gæti litið út fyrir að hafa horfið en ef þú þysjar inn sérðu að útlínurnar eru einungis mjög mjóar.



AÐ BÚA TIL VINNUSVÆÐI UTAN UM MYND

1. Veldu myndina.
2. Farðu í **File** og veldu Document Properties.
3. Ýttu á Resize page to content...
4. Ýttu á Resize page to drawing or selection.
5. Lokaðu þessum glugga.



AÐ VISTA VERKEFNIÐ

1. Farðu í **File** og veldu Save as.
2. Veldu nafn á verkefnið.
3. Í Save as type er valið .pdf
4. Ýttu á Save.
5. Þá opnast gluggi sem þú stillir svona:
6. Smelltu á OK.

